



Samráðsgátt stjórnvalda, Heilbrigðisráðuneytið

Mál nr. 36/2022

Reykjavík, 28. febrúar 2022

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 - umsýslumboð

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að frumvarpi sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda, um breytingu á lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 – umsýslumboð. Breytingin snýst um að veita sérfræðilæknum heimild til að veita þriðja aðila umsýslumboð fyrir hönd einstaklings 16 ára og eldri sem er ófær um að veita slíkt umboð sjálfur vegna andlegra og/eða líkamlegra skerðinga. Umsýslumboð veitir nauðsynlegan aðgang til þess að fá upplýsingar og eiga samskipti fyrir hönd einstaklingsins gegnum heilbrigðisgáttir t.d. Heilsuveru, aðrar slíkar rafrænar lausnir innan heilbrigðiskerfisins og víðar með rafrænum skilríkjum þess sem fær umsýslumboðið.

Um leið og SFF fagna þessari breytingu og að tækni skuli vera til staðar til að innleiða hana vilja samtökin víðra vangaveltur sínar um að umsýslumboð þessi verði einnig tekin upp vegna fjármála viðkomandi, þannig að umsýslumboðshafi fái eftir atvikum einnig heimild til að sjá um tiltekin fjárhagsmálefni þeirra einstaklinga sem teljast ekki geta notað rafræn skilríki sín til þess sjálfir. Fjármálafyrirtæki hafa síðustu ár boðið upp á aukna rafræna þjónustu þannig að einstaklingar geta stofnað til viðskipta, sótt um ýmsar vörur og þjónustur og sagt sig úr viðskiptum með rafrænum hætti.

Með gildistöku laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu hafa kröfur um sannvottun viðskiptavinar aukist samhliða auknum kröfum um öryggi í rafrænum viðskiptum. Lögin byggja á tilskipun Evrópusambandsins nr. 2366/2015 (PSD2) sem leggur skyldu á fjármálafyrirtæki sem sinna reikningaþjónustu að krefjast sterkrar sannvottunar viðskiptavinar þegar þeir sækja upplýsingar um reikninga sína á netinu, virkja rafrænar greiðslur og/eða framkvæma aðgerðir fyrir milligöngu boðleiðar úr fjarlægð sem geta haft í för með sér hættu á greiðslusvikum eða annars konar misnotkun. Fjármálafyrirtæki þurfa að útfæra sterka sannvottun viðskiptavinar með öruggum hætti sem kann m.a. að felast í notkun rafrænna skilríkja.

SFF fékk nýverið kynningu félagsmálaráðuneytisins á tillögum starfshóps Landlæknis sem snúa að því að Stafrænt Ísland starfræki grunn yfir réttindagæslumenn fatlaðra og persónulega talsmenn sem hafi heimildir til að sinna fjárhagsmálefnum fyrir þá einstaklinga sem falla undir lög nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. SFF er jákvætt fyrir slíkum grunni, þörf sé á því að réttindagæslumenn, persónulegir talsmenn eða aðstandendur hafi leið til að aðstoða þegar kemur að viðskiptum við fjármálafyrirtæki.

Þörf er á lausn sem gerir ráð fyrir stafrænni aðkomu aðstandenda, persónulegra talsmanna og réttindagæslumanna vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki sem virkar eins og sú lausn sem lögð er til með frumvarpi til breytinga á lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 eða á sambærilegan hátt. Sjá má fyrir sér að beiðni um umsýslumboð til þess að sinna fjárhagsmálefnum þeirra sem ekki teljast hafa getu til að gera

slíkt sjálfir, getu til að nota rafræn skilríki etc. fari til réttis aðila innan stjórnsýslukerfisins til samþykkis/höfnunar eftir að einstaklingur hefur fengið samþykki sérfræðilæknis til þess að fá umsýslumboð vegna heilsufars viðkomandi.

Með umsýslumboði gætu aðstandendur, persónulegir talsmenn eða réttindagæslumenn þannig haft aðgang að netbanka, appi og útibúi einstaklingsins og gæti aðgangurinn verið takmarkaður þannig að hann eigi við um aðgerðir utan við veðsetningar og skuldsetningar. Er það í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og styddi við þjónustu við fatlað fólk með notendastýrri persónulegri aðstoð (NPA). Í hvoru tveggja felst m.a. réttur fatlaðra til þjónustu, að komið sé til móts við sértækar stuðningsþarfir einstaklingsins og að fatlað fólk fái stuðning til að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um umsýslumboð, m.a. um framkvæmd, veitingu, afturköllun, takmörk, gildistíma og fleira. SFF telur afar mikilvægt að skýrt verði kveðið á um ábyrgð og afturköllun í reglugerð svo auðvelt verði að vinna með umboð sem þessi til að mynda ef þau yrðu útfærð þannig að þau væru veitt til að eiga tiltekin viðskipti við fjármálafyrirtæki. Koma þarf í veg fyrir vafa um hvað felst í umboði og til hagræðis að ekki þurfi að kalla eftir mikið af gögnum.

Að lokum vilja SFF nefna að gott væri að sjá umfjöllun til að mynda í greinargerð, um samspil við lögræðislög og almennar reglur um hæfi til að veita umboð, sérstaklega umfjöllun um andlegt hæfi.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur